

Aðalfundur Hitaveitu Gnúpverja 21.ágúst 2023. Haldinn í hornherbergi Árnosi.

Mættir eru á fundinn Ingvar Þrándarson, Einar Guðnason, Birkir Þrastarson, Bragi Hannesson, Jón Bjarni Jónsson, Sigrún Símanordóttir, Gunnar Þór Ásgeirsson, Sigurður Loftsson, Guðmundur Arnar Sigfússon og Haraldur Þór Jónsson.

Lagt er til að Birkir Þrastarson verði fundarstjóri og Haraldur Þór Jónsson ritari. Samþykkt samhljóða.

Engin athugasemd er gerð við boðun fundarins og telst því fundurinn lögmætur.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp.
2. Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundi á síðasta ári. Einar fjallaði um þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið á árinu. Lögð var ný lögn yfir Kálfá þar sem lögnin var komin upp í vatnið. Tengdir voru 32 nýir mælar, þ.a. 9 mælar á eigendur. Á næsta ári þarf að steypa og koma upp nýjum dæluskúrum, nauðsynlegt er að skipta um allavega tvo. Mikilvægt er þegar nýir dæluskúrar eru settir niður að fyrir liggi skriflegt samþykki landareigenda. Flestir notendur eru á rennismælum. Mikilvægt er að halda áfram að setja upp nýju mælana en eftir er að skipta um rúmlega 100 mæla.
3. Gunnar þór kynnir ársreikninginn og fer yfir allar lykil tölur. Ársreikningur samþykktur samhljóða. Samþykkt að ekki sé greiddur út arður. Endurskoðenda falið að skila inn ársreikning og skattframtali.
4. Engar umræður sköpuðust um skýrslu stjórnar.
5. Samþykkt að engar breytingar verði á stjórn, núverandi stjórn heldur áfram.

Í stjórn eru Birkir Þrastarsson, Guðmundur Arnar Sigfússon og Ingvar Þrándarson f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Varamenn í stjórn eru Sigrún Bjarnadóttir.

Samþykkt að launakjör stórnar verði óbreytt á milli ára.

Samþykkt að ráða áfram Gunnar Þór Ásgeirsson sem endurskoðanda.

6. Sveitarstjóri les bókun frá sveitarstjórnarfundi 15. ágúst 2023 er snýr að því að kanna vilja allra veitna í sveitarfélaginu að koma að því að sameina veitur í sveitarfélaginu í eitt veitufélag. Umræða skapaðist um málið og kosti og galla á slíku fyrirkomulagi.
7. Samþykkt að fela ritara fundarins og formanni stjórnar að undirrita fundargerð.

Engin fleiri mál lögð fyrir.

Fundi slitið 14:32